

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2002.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 2002 vera 0,04% af gjaldstofni, sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hafnarstræti – vistgata. Takmörkun umferðar.

Hafnarstræti verður breytt úr göngugötu í vistgötu. Gatan verður opin fyrir umferð frá kl. 08.00 til 22.00 alla daga.

Að fengnu leyfi bæraverkfræðings má loka götunni um tiltekinn tíma. Sá sem óskar eftir lokun götunnar skal auglýsa lokunina ásamt þeim viðburði sem fara á fram í götunni.

Umferð skal vera til norðurs allt að Brekkugötu og meginumferð skal sveigð til austurs sunnan við Ráðhústorg. Einungis verður leyfilegt að taka hægri beygju suður Skipagötu.

Samkvæmt 3. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru eftirfarandi reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana samþykktar.

Stöðumælagjald í bifreiðastæðum í Hafnarstræti og við sunnanvert Ráðhústorg verður kr. 100 fyrir hverja klst.

Stöðumælagjald í Skipagötu að vestan hækkar úr kr. 60 í kr. 100 fyrir hverja klst.

Settir verða upp miðamælar neðan til í Gilsbakkavegi og Oddagötu og 13 stöðumælar í Brekkugötu sunnan Oddeyrargötu. Tímagjald stöðumæla verður kr. 10 fyrir hverja byrjaðar 15 mín. Íbúum á ofangreindum svæðum verður gefinn kostur á íbúakortum án gjaldtöku.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

F.h. sýslumannsins á Akureyri, 13. nóvember 2001.

Guðjón J. Björnsson fulltrúi.